

Grindavíkurbær
Ingvar Þór Gunnlaugsson,
forstöðumaður
Víkurbraut 62
240 Grindavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. maí 2013
Tilvísun: UST20130300113/ksj

Tillögur að breytingum á Aðalskipulagi Grindavíkur 2010 - 2030. Umsögn

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs er barst 15. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um tvær tillögur að breytingu á Aðalskipulagi Grindavíkur 2010 – 2030. Um er að ræða breytingu á Aðalskipulagi Grindavíkur 2010 – 2030 vegna fráveitu frá Svartsengi í Grindavík út í sjó við Arfadalsvík. Einnig er tillaga að breytingu á ofangreindu aðalskipulagi vegna miðbæjar.

Fyrirhuguð framkvæmd við fráveitulögn

Áætlað er að leggja 4,5 km niðurgrafna fráveitulögn frá niðurdælingasvæði við orkuverið í Svartsengi vestan við Þorbjörn og út í sjó í Arfadalsvík vestan Grindavíkur (20 m utan við meðal stórstraumsfjöru). Meðfram lögninni verði lagður 4 m breiður þjónustuvegur. Áætlað er að alls muni raskast um 15 m breitt belti á lagnaleiðinni. Við ströndina er áætlað að reist verði lokahús um 20 fermetrar að stærð og salarhæð minni en 4 m.

Staðhættir skipulagssvæðis og áhrif framkvæmdar

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð lagnaleið liggur að mestu á óbyggðum svæðum og yfir hraun. Þ.e. lagnaleiðin liggur fyrst í vestur frá niðurdælingasvæðinu, yfir mosagróið en tiltölulega slétt hraun. Leiðin sveigir svo til suðurs og fylgir vegslóða á um 480 m löngum kafla, fyrst um úfið Skipastígshraun og sunnar um Blettahraun. Eftir því sem sunnar dregur verða hraun sléttari. Þar sem vegslóðanum sleppir tekur við um 1 km langur kafli þar sem leiðin liggur um lítt snortið og úfið hraun að gamalli girðingu sem lögnin mun liggja meðfram en þar hefur landi þegar verið raskað. Þegar girðingunni sleppir tekur við sandorpið hraun og raskað land. Einnig liggur lögnin um tvö svæði á náttúruminjaskrá þ.e. svæði nr. 105 og 106.

Ljóst er að fyrirhuguð fráveitulögn mun raska hrauni á 15 m breiðu belti og 4,5 km löngum kafla, þar af er á 1,5 km kafla farið yfir úfið hraun. Skv. 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 nýtur nútímahraun sérstakrar verndar. Eins og fram kemur í greinargerð er

framkvæmdin tilkynningaskyld og komst Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu þann 27. 12. 2012 að framkvæmdin skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Auk þess að fara yfir eldhraun mun fráveitulögnin fara yfir tvö svæði sem eru á náttúruminjaskrá þ.e. svæði nr. 105 og 106 í skránni. Umhverfisáhrif við lagningu fráveitunnar verða umtalsverð og óafturkræf á nútímahraun og náttúruminjasvæði. Að mati Umhverfisstofnunar er því afar mikilvægt að við framkvæmdina verði þess gætt að ekkert óþarfa rask verði á hrauni og öðrum náttúruminjum. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að þar sem framkvæmdir eru í hrauni þá séu skeringabrúnir unnar á þann hátt að þær líkist náttúrulegum hraunkanti, og bendir stofnunin á frágang skeringa við Bláa lónið til viðmiðunar.


Magn affallsvökva um útrás í Arfadalsvík kemur til með að vera 100 - 150 kg/s. Fram kemur í niðurstöðu Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila að helstu áhrif affallsvökvans eru þau, að uppsöfnun snefilefna í lífverum geti orðið og breyting á tegundasamsetningu m.a. vegna aukins sjávarhita í 50 - 120 m fjarlægð frá ströndu. Einnig kemur fram í niðurstöðum Skipulagsstofnunar að með reglubundinni vöktun verði fylgst með því hvort marktæk uppsöfnun á þungmálmum verði í skúfþangi vegna fráveitunnar. Af því megi draga ályktanir um möguleg afleiðd áhrif á aðrar lífverur s.s fugla. Einnig kemur fram að ef það verði staðfest að fráveitan valdi uppsöfnun þungmálma í lífríki komi til greina að blanda sjó í affallsvökvann. Einnig er áætlað að vakta hvort förgun á affallsvökva leiði til breytinga tegundasamsetningu fjörlífvera.


Umhverfisstofnun tekur undir áherslur Skipulagsstofnunar er fram koma í ákvörðun um matsskyldu, um að það er afar mikilvægt að við framkvæmd lagnarinnar viðhafi HS Orka og aðrir sem að framkvæmdinni komi vönduð vinnubrögð við framkvæmdir sem og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin valdi ekki verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið. M.a. tekur Umhverfisstofnun undir mikilvægi þess að vöktun á gæðum sjávar við Arfadalsvík verði vel skipulögð, þar sem niðurstöður vöktunar geti nýst við ákvörðun um markvissar mótvægisáðgerðir.

Tillaga að breytingu aðalskipulags Grindavíkur 2010 – 2030 er varðar miðbæ Grindavíkur

Umhverfisstofnun hefur farið yfir deiliskipulagstillögu miðbæjar Grindavíkur sem er grundvöllur fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulaginu vegna miðbæjar og gerir stofnunin ekki athugasemdir við tillögu að aðalskipulagsbreytingu á Aðalskipulagi Grindavíkur 2010 - 2030 er snýr að miðbæ Grindavíkur.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Sigurður Ingason
Sérfræðingur